# Mannréttindadómstóll Evrópu og vernd persónuupplýsinga

Davíð Þór Björgvinsson

Dómari við MDE

Prófessor við lagadeild HR

Reykjavík, 19. október 2010

# Hugtakið “persónuupplýsingar”

- Í samningi Evrópuráðsins um vernd einstaklinga varðandi vélræna vinnslu persónuupplýsinga frá 1981 eru “*persónuupplýsingar*” skilgreindar sem sérhverjar “persónugreindar eða persónugreinanlegar upplýsingar um hinn skráða.”
- Sbr, og 2. gr. laga nr. 77/2000 (1. tl. mgr. 1. tl.).

# 8. gr. MSE

- 1. Sérhver maður á rétt til friðhelgi einkalífs síns, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta.

- 2. Opinber stjórnvöld skulu eigi ganga á rétt þennan nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi vegna þjóðaröryggis, almannaheilla eða efnalegrar farsældar þjóðarinnar, til þess að firra glundroða eða glæpum, til verndar heilsu manna eða siðgæði eða réttindum og frelsi annarra.

# Gildissvið 8. gr. MSE

Getur m.a. tekið til :

- Söfnunar, geymslu, notkunar og afhendingar (birtingar) af hálfu ríkisins (Leander gegn Svíþjóð (1987))
- Skýrslna og gagna t.d. um æsku manns, í höndum barnaverndaryfirvalda (Gaskin gegn Bretlandi (1989))
- Upplýsinga sem safnað er með leynilegu eftirliti (Klass gegn Þýskalandi (1978)
- Samskipta á vinnustað (Copland gegn Bretlandi (2007)
- Varðveislu fingrafara og DNA-sniða (Marper gegn Bretlandi (2008)).
- Upplýsinga í sjúkraskrá (I gegn Finnlandi (2008))

# Almennt yfirlit

- I. Neikvæðar skyldur, þ.e. brjóta ekki rétt til friðhelgi einkalífs.
  - Varðveisla og meðferð persóuupplýsinga sem aflað er með almennu eftirliti.
  - Söfnun og varðveisla upplýsinga um einstaka aðila og af ákveðnu tilefni eða af ákveðinni ástæðu.

Ef um skerðingu er að ræða, er hún þá réttlætanleg? Þ.e. hvílir hún á lögum, þjónar hún lögmætu markmið og er skerðingin nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi og hófleg miðað við markmiðið sem stefnt er að.

- II. Jákvæðar skyldur (þ.e. skylda ríkis til að grípa til ráðstafana.
  - Takmörkun á aðgengi einstaklings að upplýsingum um sjálfan sig og til að fá upplýsingar leiðréttar eða strikaðar út.

# Gögn sem verða til við eftirlit

- Rotaru v Rúmeníu (2000)
  - Kerfisbundið leynilegt eftirlit með einstaklingum er til þess fallið að grafa undan lýðræðinu undir því yfirskini að verið sé að verja það.
- Klass v Þýskalandi (1978)
  - Tilvist leynilegs eftirlitskerfis ein og sér (símhlerana og skoðun póstsendinga í þessu tilfelli) felur í sér ógn við alla sem löggjöfin gæti mögulega haft áhrif á.
- Uzun v Þýskalandi (2010).
  - GPS-tækni notuð til að fylgjast með ferðum einstaklings á opinberum stöðum. Skerðing. Réttlætanleg – aðgerð takmörkuð í tíma – alvarlegir glæpir.

# Söfnun, varðveisla og notkun

- Leander v Svíþjóð (1987)
  - Varðveisla og afhending gagna af hálfu leyniþjónustunnar varðandi starfsmann á herskipasafni sænska hersins.
- Marper v Bretlandi (2008)
  - DNA-snið varðveitt eftir að sakamáli lauk. Framtíðar hagsmunir. Skerðing úr hófi.
- Dimitrov-Kazakov v Búlgaríu (2011)
  - Skráður sem “nauðgari” eftir að hafa verið yfirheyrður vegna nauðgunar, en aldrei ákærður.

# Réttlæting skerðingar (sbr. 2. mgr. 8. gr.)

- Er skerðingin lögum samkvæm?
  - Stoð í lögum (almennum lögum, reglugerðum, venjum, fordæmum).
  - “Gæði lagnna” samræmi við reglur réttarríkis
  - Fyrirsjáanleiki
- Þjónar skerðing lögmætu markmiði?
  - Afstýra glæpum, firra glundroða, í þágu þjóðaröryggis, almannahagmuna o.s.frv.
- Nauðsynleg í lýðræðislegu þjóðfélagi.
  - Hófleg miðað við markmið
  - Nauðsynleg þýðir hér rík þörf frekar en algjör nauðsyn

# Jákvæðar skyldur

- I v Finnlandi (2008)
  - Yfirvöldum bar skylda til að tryggja að nauðsynlegar ráðstafanir væru gerðar til að tryggja öryggi upplýsinga í sjúkraskrá.
- Copland v Bretlandi (2007)
  - Varðveisla upplýsinga um símtöl, e-mail samskipti og netnotkun á vinnustað skerðing jafnvel þótt upplýsingar séu ekki notaðar gegn viðkomandi. Stoð í lögum eða reglum.

# Aðgangur að upplýsingum

Málin eru á mörkum neikvæðra og jákvæðra skyldna.

- Gaskin v Bretlandi
  - Synjun barnaverndaryfirvalda um aðgang kæranda að gögnum um dvöl hans á fósturheimili. Skortur á úrræðum til að fá úr réttinum skorið.
- KU v Finnlandi
  - Ríkið brást jákvæðum skyldum sínum til að vernda barn gegn kynferðislegum auðglýsingum (um það sjálft) með því að ekki var unnt að upplýsa hver hefði sett auglýsingu á netið.

# Ný viðfangsefni

- **Dalea v France** (2010)
  - Varðveisla gagna í Schengen Information System (SIS) kom í veg fyrir að kærandi gæti ferðast óhindrað innan svæðisins.
- **Annað**
  - Visa Information System (VIS)
  - Customs Information System (CIS)
  - International police cooperation.